



2.1 Starfsmannastefna Landgræðslu ríkisins

1. Inngangur

Starfsmannastefna Landgræðslunnar tekur til allra starfsmanna hennar. Stjórnendur innan Landgræðslunnar bera ábyrgð á því að starfsmannastefnunni sé framfylgt. Starfsmannastjóri hefur eftirlit með framkvæmd hennar.

2. Markmið

Starfsmannastefnunni er ætlað að vera til hvatningar og upplýsingar fyrir starfsfólk og stjórnendur Landgræðslunnar um það hvernig gera eigi stofnunina að góðum vinnustað. Starfsmannastefnan byggir á lögum, reglum og samningum um tengsl starfsmanna og vinnustaðar, s.s. lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, stjórnáskilum nr. 37/1993 með áorðnum breytingum, lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, jafnréttislögum, nr. 96/2000, lögum um kjarasamninga nr. 94/1986 (með áorðnum breytingum) og kjarasamningum. Jafnframt mótast starfsmannastefnan af gagnkvæmum væntingum og hagsmunum Landgræðslunnar og starfsmanna hennar.

Markmið starfsmannastefnunnar eru að:

- Landgræðslan uppfylli réttmætar væntingar sem gerðar eru til hennar og starfsmanna hennar,
- laða að hæfa og áhugasama starfsmenn sem helga stofnuninni krafta sína,
- gera Landgræðsluna að góðum vinnustað,
- tryggja starfsmönnum sem best starfsskilyrði,
- veita starfsmönnum möguleika á að vaxa og dafna í starfi,
- gera stjórnun markvissa,
- starfsmenn séu vel upplýstir um verkefni sín og skyldur.

Það er á ábyrgð allra starfsmanna Landgræðslunnar að vinna að framangreindum markmiðum.

3. Gagnkvæmar væntingar

Meðal þeirra almennu væntinga sem Landgræðslan hefur til starfsmanna sinna eru að þeir sýni:

- vilja og hæfni til samstarfs og samskipta,
- alúð og nákvæmni í starfi,
- ábyrgð og sjálfstæði,
- skilning og frumkvæði,
- sveigjanleika og aðlögunarhæfni,
- að þeir starfi samkvæmt samningum, lögum, reglum og þeirrar stefnu sem um starf þeirra gilda.

Starfsmenn hafa væntingar til Landgræðslunnar sem vinnustaðar, sem nauðsynlegt er að stofnunin uppfylli, til þess að hún geti ráðið og haldið áhugasömum og hæfum starfsmönnum.

Væntingarnar eru meðal annars að:

- þeir hafi tækifæri til að taka þátt í stefnumótun stofnunarinnar,
- þeir séu upplýstir um ákvarðanir stofnunarinnar og geti haft áhrif á þær,
- ábyrgð og skyldur stjórnenda séu skýrar,
- starfsöryggi sé tryggt sem frekast er unnt,
- stofnunin standi við skuldbindingar kjarasamninga, laga og reglugerða er varða, réttindi skyldur og velferð starfsfólks,
- þeim sé sýnt traust, tillitssemi og hreinskilni,
- unnið sé í góðu samstarfi og vinnuanda,
- vinnuaðstaða sé góð,
- þeim sé veitt tækifæri til að menntast og vaxa og dafna í starfi,
- jafnréttissjónarmiða sé gætt á öllum sviðum starfseminnar.
- sveigjanleiki í vinnu geri starfsfólki kleift að samhæfa starf og fjölskyldulíf.

4. Stjórnunarhættir

Landgræðslan leggur áherslu á skilvirka stjórnsýslu, stuttar og greiðar boðleiðir, hröð inngrip í aðsteðjandi vandamál og skjóta ákvarðanatöku. Skýr ábyrgð stjórnenda er lykilatriði í þeim efnum. Ákvörðunarvald og ábyrgð stjórnenda gagnvart starfsfólki skulu vera vel skilgreind og starfsfólki ljós.

Stjórnendur skulu viðhafa stjórnunarhætti sem veita starfsmönnum virka hlutdeild í stjórnun og ákvörðunum.

5. Miðlun upplýsinga og samskipti

Almennar upplýsingar um starfsemi, stjórnsýslu og stefnu Landgræðslunnar eiga að vera aðgengilegar fyrir alla starfsmenn stofnunarinnar og berast greiðlega til starfsfólks. Stjórnendum ber að upplýsa starfsmenn um málefni er varða störf þeirra sérstaklega.

Lögð er áhersla á skoðanaskipti þar sem álitamál eru vegin og metin og þar sem ágreiningur er meðhöndlaður þannig að hann efli stofnunina og starfsmenn hennar.

Virðing fyrir fólki er grundvallarviðmið og framkoma sem ógnar eða veldur öðrum óþægindum, svo sem rógur, kynferðisleg áreitni og einelti, eru alvarleg brot í starfi. Til að skapa góðan starfsanda er mikilvægt að starfsfólk og stjórnendur ástundi og rækti góð samskipti sín á milli.

Gæta skal trúnaðar um persónugreinanlegar upplýsingar skv. gildandi lögum um persónuvernd.

6. Jafnrétti

Landgræðslan leggur áherslu á að jafnræðis og jafnréttis sé gætt á öllum sviðum starfseminnar. Stofnunin hefur gert sér jafnréttisáætlun sem endurskoðuð er á þriggja ára fresti.

7. Ráðning og starfsferill

Landgræðsla ríkisins vill ráða til sín og hafa í þjónustu sinni hæfa, dugandi og heiðarlega starfsmenn, sem þykir eftirsóknarvert að starfa við stofnunina.

7.1 Starfsmannabörf

Allar ákvarðanir um ráðningu nýrra starfsmanna skulu vera vel ígrundaðar og rökstuddar í samræmi við stefnu og verkefni stofnunarinnar. Starfslýsing skal liggja fyrir um öll störf sem ráða skal í.

7.2 Starfsauglýsingar og ráðningar

Fylgt skal lögum og reglum um auglýsingu starfa og ráðningarferli og skal ráðning ætíð vera rökstudd. Þeirri meginreglu skal fylgt að auglýsa laus störf til umsóknar. Auglýsingin skal byggð á starfslýsingu viðkomandi starfs og gæta skal jafnréttissjónarmiða.

7.3 Móttaka nýrra starfsmanna

Landgræðslan leggur áherslu á að taka vel á móti nýju starfsfólki og að það finni sig í starfi frá byrjun. Nýju starfsfólki skal tryggð kynning á starfsemi Landgræðslunnar og þeim hluta sem lýtur sérstaklega að starfsviði þess. Gátlisti um móttöku nýrra starfamanna skal hafður til hliðsjónar.

7.4 Náms- og starfsþróun

Landgræðslan leggur áherslu á að veita öllu starfsfólki trausta og góða starfsþjálfun með því að stuðla að tækifærum starfsmanna til sí- og endurmenntunar. Í því geta falist námskeið, ráðstefnur, samstarf við innlenda og erlenda aðila o.fl. Starfsfólk er hvatt til að laga sig að síbreytilegum kröfum, sem starfið gerir til þess, svo sem vegna faglegrar og tæknilegrar þróunar, og vera reiðubúið að þjálfra sig til nýrra og breyttra verkefna. Landgræðslan mun leitast við að verða við óskum um flutning milli starfa, eftir því sem kostur er.

7.5 Starfsmannasamtöl

Markmið starfsmannasamtals er að stuðla að velferð starfsmanna, bættum starfsárangri og gagnkvæmri upplýsingamiðlun. Samtalið skal fara fram a.m.k. einu sinni á ári. Samtalinu er ætlað að auðvelda starfsmönnum og stjórnendum að ná settum markmiðum, skerpa vitundina um markmiðin og skapa gagnkvæmt traust. Mikilvægt er að samtalið sé vel undirbúið, því sé vel fylgt eftir og trúnaðar sé gætt á öllum stigum.

7.6 Starfslok

Landgræðslan vill geta boðið starfsfólk sínu sveigjanleg starfslok ef það óskar þess. Leitast skal við að auðvelda starfsfólki þá breytingu á högum þeirra sem af starfslokum leiða.

Fastráðinn starfsmaður á kost á starfslokaviðtali þegar hann lætur af störfum. Slíkt starfslokaviðtal gefur vinnustaðnum tækifæri til að draga lærdóm af ábendingum starfsmannsins um það sem betur má fara í starfseminni.

8. Starfsskilyrði

Landgræðslan leitast við að tryggja hverjum starfsmanni sínum þau skilyrði og þá aðstöðu sem hann þarf til að vinna starf sitt vel.

8.1 Launastefna

Landgræðslan vill bjóða launakjör sem laða að hæft starfsfólk og halda því í starfi. Laun skulu ákvörðuð á grundvelli hlutlægra og gagnsærra mælikvarða út frá kjara- og stofnanasamningum. Þess skal sérstaklega gætt að starfsfólki sé ekki mismunað í launum vegna kynferðis eða annars.

8.2 Vinnutími

Vinnutími skal að jafnaði vera í samræmi við viðkomandi kjarasamning og lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Starfsmenn Landgræðslunnar hafa sveigjanlegan vinnutíma og vill Landgræðslan taka tillit til óska starfsfólks um breytilegt starfshlutfall, þegar því verður við komið. Stofnunin leggur áherslu á stundvísi og góða ástundun.

Landgræðslan leitast við að skapa starfsmönnum sínum aðstæður til að samræma skyldur starfsins og fjölskyldunnar. Starfsmönnum skal gefinn kostur á tímabundinni lækkun starfshlutfalls og sveigjanlegum vinnutíma vegna fjölskylduábyrgðar eftir því sem unnt er og án þess að það hafi áhrif á starfsframa þeirra.

8.3 Orlof

Starfsfólk skal skipuleggja orlof sitt í samráði við yfirmann og taka skal tillit til verkefnaálags eins og kostur er. Stofnunin hvetur starfsmenn til þess að taka að minnsta kosti þriggja vikna samfelld orlof á orlofstíma.

8.4 Starfsaðstaða og starfsumhverfi

Landgræðslan leggur áherslu á öruggt, heilsusamlegt og hvetjandi vinnuumhverfi og fylgir eftir gildandi lögum og reglum um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum.

Starfsmenn bera sjálfir ábyrgð á að fylgja þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra um aðgætni og öryggi í starfi. Stjórnendur bera ábyrgð á að kynna starfsmönnum þær kröfur.

8.5 Heilsurækt og félagsstarf

Landgræðslan vill stuðla að heilbrigðu líferni og góðum félagsanda meðal starfsmanna sinna í samvinnu við starfsmannafélag stofnunarinnar. Til að stuðla að því að starfsmenn leggi rækt við eigin heilsu, tekur Landgræðslan þátt í kostnaði við iðkun hreyfingar samkvæmt gildandi verklagsreglu.


Tilvísanir:

Yfirlit yfir skjöl og skrár sem tengjast þessu skjali

Gunnarsholt, 24.07.18


Arni Bragason, landgræðslustjóri

Gunnarsholt, 24.07.18


Sigurbjörg Bjarney Ólafsdóttir, starfsmannastjóri

Höfundur:

Sigurbjörg Bjarney Ólafsdóttir